

Fundargerð 165. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 2. júní 2022, kl. 14:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Snæfríður Einarsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Agnar Ólason og Sigurður Jóhann Erlingsson, varamaður.

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir og Pétur Freyr Jónsson

Gestir: Anna Björg Theodórsdóttir

1. Oceansofdata.co -Anna Björg Theodórsdóttir

- Formaður segir frá því að hann hafi fengið Önnu Björg Theodórsdóttur til að mæta á fundinn og fara yfir mál varðandi verðeftirlit á fiski, mælaborð fyrir makríl og það sem fyrirtæki hennar hefur verið að gera varðandi hvítfisk.
- Anna kynnir starfsemi og stofnun Oceansofdata.co og segist hafa áður unnið fyrir VM og félag skipstjórnarmanna. Hún hefur starfað við greiningar á markaðsgögnum í sjávarútvegi frá 2014 og hefur m.a. tekið þátt í að þróa áfram upplýsingaveitu fyrir verð á fiski áður en hún stofnaði Oceansofdata.co. Brynjólfur Borgar hjá Datalab Ísland er meðeigandi hjá Oceansofdata.co. Sýn fyrirtækisins er að vera þetta „Bloomberg“ sjávarútvegsins þ.e. vera með öll gögn og upplýsingar varðandi sjávarafurðir á einum stað sem felur í sér að safna framboðsgögnum um kvóta, landanir, hrávöruverð, vöruflæði milli landa, staðsetningu fiskiskipa og heildsöluverð á fiski. Stefnan að einblína á greiningar á atlantshafsporski. Spurningar og umræður um fyrirtækið og kynninguna.
- Umræða um kostnað við að kaupa Oceansofdata.co í áskrift. Umræða um skiptakerfið og hvernig kerfið muni nýtast í kjaraviðræðum. Rætt um áreiðanleika gagna sem berast til Hagstofunnar.
- Fyrirliggjandi samningur VM og skipstjórnarfélagsins til eins árs við Oceansofdata.co samþykktur.

2. Önnur mál

- Fundargerð frá 164. stjórnarfundi samþykkt og undirrituð.
- Laun formanns -formaður spyr um samning sem hann hefur sent launanevnd og hvort þau geti sest niður í næstu viku til að fara yfir hann. Formaður segir frá því að launanevnd VM hafi hingað til gengið frá samningsdrögum við formann sem svo hafi verið borinn undir stjórn til samþykktar. Formaður á rétt á viðtali við launanevnd einu sinni á ári sem sitjandi formaður hefur hingað til ekki nýtt sér.
- Umræður um samninganefndir. Samninganefndarfundir varðandi almenna samninginn verða í næstu viku. Rætt um heppilega tímasetningu fyrir fundi samninganefndarmanna

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 15:45.

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 18. ágúst 2022, kl. 11:00